

Chris Simpson – apríl 2020

Chris Simpson, stjarneldisfræðingur, starfaði árið 2014 á stjarneldisfræðilegri rannsóknarstofu við „Liverpool John Moores University“ (LJMU) á Englandi. Starfssystir hans, Carole Mundell, sem nú er yfirmaður sams konar rannsóknarstofu við háskólann í Bath, kærði Chris fyrir að áreita kvennemendur sína kynferðislega. Rannsókn leiddi ekki í ljós neitt misjafnt.

Chris ákvað að hverfa til annarra starfa. Hann fékk meðmælabréf frá yfirmanni sínum og Carole, sem var afar ósátt og skrifaði til atvinnuveitanda Cris í Suður-Afríku, svohljóðandi bréf:

„Það er trúá mín, að [Chris Simpson] hafði fengið meðmælabréf frá yfirmanni deildarinnar, þar sem hvorki er minnst á skaphöfn né framkomu ... Misferli Simpsons hefur borist til eyra fleira fólks í ákveðnum hópum. ... Samt sem áður er það ljóst, að LJMU hefur lagt sig í framkróka við að þagga málið niður, með þeim árangri, að jafnvel starfssystkini á minni skor hafa ekki hugmynd um, hvers vegna hann sagði starfi sínu lausu.“

Nefndum yfirmanni ofbauð og höfðaði meiðyrðamál á hendur Carole. Málinu var hins vegar vísað frá dómi með eftirfarandi umsögn: Það er ekkert fast í hendi um ásakanir á hendur Chris og ei heldur um samantekin ráð innan háskólans um þöggun.

Athugasemd Chris, sem nú starfar sem stjarneldisfræðingur á Hawai, er þessi: „Illrættar og tilhæfulausar ásakanir hennar [Carole] á hendur Bode [yfirmanninum] og öðrum starfsmönnum eru ekkert annað en hefndaraðgerðir sökum eigin dylgja um ósæmilegt hátterni.“